

Hafnarfjörður

Fornleifaskráning vegna undirgangna og vegagerðar á

Reykjanesbraut við álverið í Straumsvík

í landi

Lambagerðis og Þorbjarnarstaða



Katrín Gunnarsdóttir

fornleifafræðingur MA

EFNISYFIRLIT:

Efni: Vegna breytinga á veglögn að álverinu í Stramsvík ásamt byggingu undirganga .	2
Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar	5
Sögulegt yfirlit.	8
Þorbjarnarstaðir.....	8
Lambhagi.	10
Niðurstöður:.....	13
Heimildaskrá:	15
Fornleifaskráning.	

Forsíðumynd:

Efri mynd til vinstri: Fornleifur: 167:40. Til hægri: 167:29.

Neðri mynd til vinstri: Fornleifur: 166:147. Til hægri 166:149.

Efni: Vegna breytinga á veglögnum að álverinu í Stramsvík ásamt byggingu undirganga undir Reykjanesbraut.

Framkvæmdasvæðið er í landi Þorbjarnarstaða, jarðanúmer 166 og í landi Lambhaga, jarðanúmer 167.

Vegna framkvæmda við fyrirhuguð undirgöng við Straumsvík fór Fornleifavernd ríkisins fram á að skráningarsvæðið yrði yfirfarið, þar sem langt var liðið síðan fornleifaskráningin frá 2001 var gerð. Fyrirhugað framkvæmdasvæði var yfirfarið eftir upplýsingum sem lágu fyrir frá Vegagerðinni um legu ganganna og akstursleiða að þeim.

Fornleifaskráning var gerð 2001 á vegum Fornleifastofnunar Íslands: Fornleifakönnun. Reykjanesbraut. Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

Fornleifafræðingur Byggaðsafns Hafnarfjarðar fór á fyrirhugað framkvæmdasvæði 22. mars 2011 ásamt mælingamanni frá Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar.

Var svæðið kannað og mældar inn þær fornleifar sem skráðar voru í fyrrnefndri

Fornleifakönnun ásamt fornleifum sem ekki voru skráðar við fyrrnefnda skráningu.

Þegar þeirri yfirferð var lokið var þeim upplýsingum komið bréflega til Fornleifaverndar ríkisins sem gaf umsögn sína eftir þeim upplýsingum sem þá lágu fyrir.

Svar Fornleifaverndar ríkisins frá 16/5 2011.

Fornleifur númer 167: 00

Vinnunúmer í áður nefndri fornleifaskráningu.

Númer í sviga Fornleifakönnun 2001.

167:25. Nr. 1. (GK 167:015).

Túngarður. Skv. heimildum lá austurhluti túngarðs um býlið Lambhaga á þeim stað þar sem nýi vegurinn á að liggja. Leifar garðsins sjást ekki, en í bréfi Byggaðsafns Hafnarfjarðar segir að miðað við þá staðsetningu þar sem garðurinn er talin hafa legið gætu leifar garðsins verið undir sverði. Fornleifavernd ríkisins telur að grafa þurfi könnunarskurði til að athuga hvort leifar túngarðsins leynast undir sverðinum. Niðurstöður slíkrar könnunar þarf að bera undir Fornleifavernd ríkisins sem þá mun taka afstöðu til hvort frekari rannsóknar er þörf á garðinum.

167:26.Nr. 2. (GK 167: 030).

Um 80 m norðan við Reykjanesbraut rétt vestan við núverandi veg að álverinu er tóft 8,5 x 5 m að stærð. Tóftin er ekki í hættu vegna lagningar nýja vegarins. Verði núverandi vegur fjarlægður á þessum kafla þegar nýi vegurinn kemur þarf að gæta þess að raska ekki rústinni við þá framkvæmd.

167:27. 167:28 Nr. 3. (GK 167:35 og 037).

Á svokölluðu Hjallatúni rétt norðan við Reykjanesbraut og vestan við núverandi veg að álverinu eru leifar túngarðs og heimildir um að þar hafi verið fjárhús. Fornleifar eru ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

167:29. Nr. 4 (GK: 167: 047).

Steinbogi, girða þarf fyrir hleðsluna meðan á framkvæmdum stendur.

167:30. Nr. 5.

Garðlag sem liggur að steinboganum, ætti að vera hægt að verja þar sem steinboginn er afgirtur.

167:31. Nr. 6.

Steypt gólfplata, ekki talin í hættu.

167:32. Nr. 7. (G.K:167:038).

Hleðsla, um 7 m löng sem þarf að merkja meðan á framkvæmdum stendur.

167:233. Nr. 8. (GK:167:041).

Hleðsluleifar sem þarf að merkja meðan á framkvæmdum stendur.

167:34 Nr. 9. (167:021).

Heimild er fyrir því að gömul leið, Ólafsstígur hafi legið sunnan Reykjanesbrautar, þar sem vegstæði nýja vegarins er fyrirhugað. Svæðinu hefur verið umturnað þannig að engin merki sjást um leiðina þar sem nýi vegurinn mun liggja. Að mati Fornleifaverndar ríkisins þarf ekki að grípa til mótvægisáðgerða vegna Ólafsstígs.

Í janúar 2012 komu fram nýjar upplýsingar frá Vegagerðinni varðandi vegstæðið.

Þar kom fram að vegstæðið mun ná lengra til vesturs en fyrri upplýsingar gáfu til kynna, og fláinn að veginum og framkvæmdasvæðið stækkar að sama skapi til suðurs.

Vegna þeirra nýju upplýsinga frá Vegagerðinni munu fornleifar sem hafa vinnunúmerin 4,5 og 6 samkvæmt fyrri fornleifaskráningu lenda undir fyllingu vegarins. Innan marka framkvæmdasvæðisins en ekki í vegstæðinu eða fláanum eru fornleifar nr. 7 og 8.

Undirrituð fór ásamt mælingamanni Vegagerðarinnar á vettvang 23/1-2012 og mældar voru inn þær fornleifar sem voru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þær eru með vinnunúmerin 10-23.

Þegar þeirri yfirferð var lokið var þeim upplýsingum komið bréflega til Fornleifaverndar ríkisins sem gaf umsögn sína:

Fornleifavernd ríkisins hefur móttengið bréf Katrínar Gunnarsdóttur fornleifafræðings frá 25. jan. s.l. Í bréfinu er gerð grein fyrir fornleifum sunnan Reykjanesbrautar rétt vestan við gatnamótin að álverinu í Starumsvík. Vegna framkvæmda við undirgöng undir Reykjanesbrautina er fyrirhugað að breikka Reykjanesbrautina á þessu svæði og gera vegfláa meðfram henni að sunnanverðu. Ekki hefur verið fjallað um áhrif vegfláans á fornleifar í fyrri umsögnum Fornleifaverndar ríkisins um breytingu á legu vegar frá álverinu í Straumsvík og ný undirgöng undir Reykjanesbrautina.

Umsögn Fornleifaverndar ríkisins frá 7/2 2012 varðandi fornleifar á framkvæmdasvæði undirgönganna við Straumsvík er sem hér segir:

Þrjár minjar, steinbogi (167:29.nr. 4), garðlag (167:30.nr. 5) og steyp gólfplata (167:31, nr. 6), sem ekki var talið að þyrfti að raska lenda undir fláanum. Minjarnar hafa verið skráðar. Fornleifavernd ríkisins telur ekki þörf á frekari mótvægisáðgerðum vegna þessara minja.

Hleðsla (167:32. nr. 7) og hleðsluleifar (167:33.nr. 8) lenda í jaðri fláans. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi fornleifarnar meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Vestan þeirra minja sem hér hefur verið fjallað um hafa nú verið skráðar minjar sem ekki voru skráðar áður. Flestar eru þessar minjar frá 20. öld og falla því ekki undir verndarákvæði þjóðminjalaga (Nr. 107/2001), sbr. 9. og 10. gr. Þessar minjar eru hleðsla (167:35. nr. 10), undirhleðslugirðing (167:36. nr. 11), garður (166:153. nr. 14), gólfplata (166:151. nr. 15),

gólfplata (166:152. nr. 16) og matjurtargarður (166:154. nr. 23). Þótt minjarnar séu ungar telur Fornleifavernd ríkisins mikilvægt að til séu upplýsingar um þær. Minjarnar hafa nú verið skráðar.

Á svæði milli tveggja hraundraga sem liggja norður-suður er stekkur (167:38. nr. 13), garður (167:37. nr. 12) og hleðsluveggur (167:36.nr. 21). Fornleifavernd ríkisins telur æskilegt að komið verði í veg fyrir rask á þessum minjum með því að breyta legu fláans á þessum stað og merkja minjarnar meðan á framkvæmdum stendur.

Vestan við stekkin eru hrundar hleðslur ásamt afmörkuðum túnbletti með niðurgreftri (167:40. nr. 22). Staðurinn liggur á mörkum vegfláans. Minjarnar hafa verið skráðar. Fornleifavernd ríkisins telur ekki þörf á frekari mótvægisaðgerðum vegna þessara minja.

Túngarður (166:150. nr. 17), tóft (166:147.nr. 18), gróthrúga (166:149.nr. 19) og tóft (166:148. nr. 20) tilheyra Péturskoti sem reist var um 1900 og var þurrabúð í landi Þorbjarnarstaða. Reykjanesbrautin hefur þegar raskað norðurhluta túngarðsins. Fláinn fer yfir hluta garðsins að austanverðu. Fornleifavernd ríkisins leggur áherslu á að sem minnstu af garðinum verði raskað og að það sem eftir stendur af garðinum ásamt öðrum minjum Péturskots verði girt af meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að minjarnar raskist af vangá.

Framkvæmdaðili verksins, Vegagerðin sótti um leyfi 9/2 2012 til Fornleifaverndar ríkisins að hylja eftirtaldar fornleifar vegna framkvæmdana:

Fornleifarnar, fyrra númerið er í Fornleifi, númer í sviga vinnunúmer.: 167:29 (4), 167:30 (5), 167:31(6), 167:35(10), 167:36 (11), 166:153 (14), 166:151 (15), 166:152 (16), 167:39 (22), 166:154 (23).

Fornleifavernd ríkisins veitti leyfi til að hylja þessar fornleifar vegna vegagerðarinnar.

Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar

Gagnagrunnurinn *Fornleifur inniheldur* fornleifaskrá er veitir upplýsingar um skráðar fornleifar í landi Hafnarfjarðar.

Gagnasafn *Fornleifs* byggir á fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar sem felur í sér heimildaöflun og úrvinnslu jafnt ritaðra sem munnlegra heimilda, korta og loftmynda. Enn fremur vettvangsvinnu s.s. Ísnet 93 hnitun fornleifa, ljósmyndun, gerð uppdráttar og lýsingu fornleifa á vettvangi. Með innslætti í gagnagrunninn, útprentun gagnasafnsins, gerð korta og sögulegs inngangs, verður til lokaskýrsla sem send er bæjaryfirvöldum og Fornleifavernd ríkisins og telst þá fornleifaskráningu viðkomandi svæðis vera lokið.

Fornleifur veitir upplýsingar um fjölmörg skráningaratriði og gildi sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

Númer jarðar

*Í Jarðatali J Johnsen*¹ frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Jörðin fær það númer í gagnagrunni Byggðasafnsins. Síðan fær hver fornleif á viðkomandi jörð undirnúmer sem telur fjölda skráðra fornleifa innan landamerkjara jarðarinnar.

Landareign og númer landareignar

Gildið *Landareign* á við heiti þeirrar jarðar sem fornleifar finnast á. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins eiga jarðir ákveðið *landsnúmer* sem fært er inn í gagnagrunninn.

Fyrir fyrirhugað vegstæði við Straumsvík eru mörg númer, þar sem landið skiptist á milli margra eigenda. Því er ekki skráð inn neitt heildarnúmer fyrir svæðið.

Aldur

Aldur fornleifa er metinn samkvæmt eftirfarandi þremur skilgreindum flokkum:

-1550, 1550-1900 og 1900-. Hér er ekki um nákvæmt mat að ræða heldur frekar einskonar tilgátu. Sé *ártal* hins vegar fyrir hendi sem byggir á traustum heimildum eða fornleifarannsókn er það fært inn sérstaklega.

Sérheiti

Hafi fornleif ákveðið *heiti* er það skráð í gagnagrunninn sbr. heitin: Hádegisvarða, Hádegisskarað, Þorbjarnastaðarétt o.s.frv.

GPS staðsetning eða Ísnet 93

Samkvæmt vinnureglu er *GPS hnit eða Ísnet 93* tekið sem næst miðju fornleifar og hnitið fært inn í gagnagrunninn, einnig er nákvæm staðsetning fornleifa færð inn á kortagrunn.

Ástand

Ástand fornleifa er metið samkvæmt eftirfarandi fjórum fyrirfram ákveðnum atriðum: *Ágætt* ef viðkomandi fornleif er í góðu ástandi, *Sæmilegt* ef fornleif er nokkuð heilleg, *Lélegt* ef fornleif er mikið röskuð og *Horfin* ef fornleif er ekki sýnileg á yfirborði. Fornleifin er þá hinsvegar orðin heimild um fornleif. Mikilvægt er að taka tillit til fornleifa sem skráðar eru horfnar, því óvíst er hvað kann að leynast undir sverðinum.

¹ J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupannahöfn.

Hættumat

Hvort hætta steðji að fornleif er metið samkvæmt eftirfarandi skilgreindum atriðum: *Ábúð, Nýbyggingar, Efnistaka, Ekkert, Landeyðing, Landgræðsla, Skepnur, Umferð, Vegagerð, Annað, Skógrækt, Skógrækt og göngufólk, Landbrot.*

Hætta

Leitast er við það að meta hættuástand, samkvæmt eftirfarandi fjórum skilgreindum þáttum: *Mikil, Talsverð, Lítil og Engin.* Þannig er möguleiki á að grípa til viðeigandi ráðstafna liggi fornleif t.d. undir skemmdum eða hætta sé á raski.

Tegund minja

Heiti tegundar s.s. fjárhús, beitarhús, brunnur, varða, stekkur, rétt o.s. frv. er skráð inn í gagnagrunninn.

Friðlýsing

Við skráningu fornleifar í gagnagrunninn er athugað í Skrá um Friðlýstar minjar sem Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með hvort viðkomandi fornleif sé friðuð. Ef svo er, þá er þess getið og hvenær friðunin hafi átt sér stað.

Minjagildi

Leitast er við meta minjagildi fornleifar miðað við aldur, hlutverk, ástand og verðleika samkvæmt fjórum eftirfarandi skilgreindum þáttum: *Hátt, Talsert, Lítið og Ekkert.*

Lega og staðhættir

Staðsetningu fornleifa er lýst með tilliti til *legu og staðháttu*, með því markmiði að auðvelt sé að ganga að og finna fornleif á vettvangi bæði með hliðsjón af afstöðu minja til kennileita í landinu og með aðstoð korta. Skráðar minjar eru færðar inn á kortagrunn Skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar nema annað sé tekið fram.

Lýsing

Gerð er grein fyrir lögun fornleifar, veggjahæð, steinastærð í hleðslum, ásamt einkennandi þáttum og almennu ástandi á skráðri fornleif.

Athugasemdir

Inn í *athugasemdir* eru færðar allar þær viðbótarupplýsingar sem eru fyrir hendi og skrásetjari telur nauðsynlegt að komi fram varðandi fornleif. Til dæmis sögulegar upplýsingar, ábúendasaga, munnlegar frásagnir, GPS staðsetning og leiðir að öðrum fornleifum á svæðinu. Þar er enn fremur að finna texta er rökstyður tillögu skrásetjara um merkingar á vettvangi t.d. með tilliti til umferðar, ágangs eða vegna menningarsögulegra ástæðna.

Heimildir

Vísað er til *heimilda* um hverja fornleif fyrir sig, jafnt ritheimilda sem munnlegra frásagna og er heimildamanna sérstaklega getið. Enn fremur er vísað til þeirra korta og loftljósmynda sem fylgja eða tilheyra fornleifinni eða því svæði sem hún liggur á.

Ljósmyndir

Myndreitir eru til innskönnunar fyrir myndir. Myndtexti segir til um í hvaða átt mynd er tekin, og annað sem er auðkennandi fyrir viðkomandi fornleif.

Teikningar

Við skráningu fornleifa á vettvangi er viðkomandi fornleif jafnan stikuð út og teiknuð með einföldum hætti og er jafnan er stuðst við niðurstöður áttavita. Sé fornleif mæld upp er þess sérstaklega getið í texta með teikningunni.

Sögulegt yfirlit.

Þorbjarnarstaðir

Þorbjarnarstaðir eru jörð í hinum svonefndu Hraunum.

Þær jarðir innan staðarmarka Hafnarfjarðar suð-vestur af kaupstaðnum voru áður nefndar einu nafni Hraunjarðir. Þetta voru jarðirnar Stóri-Lambhagi, Þorbjarnarstaðir, Straumur, Óttarsstaðir, Lónakot og Svínakot. Jörðin Hvassahraun var ein af Hraunjörðunum en hún var í Vatnsleysuhreppi.

Þessar jarðir voru allar í eigu Viðeyjarklausturs og urðu því konungsjarðir með siðaskiptunum 1550. Konungsjarðirnar voru síðan seldar á árunum 1837-1839.¹

Landamerki jarðarinnar Þorbjarnarstaðar með stóra Lambhaga í Garðarhreppi.

Milli lands þessara jarða og jarðarinnar Straums ræður merkjum bein lína frá sjó úr grjótbyrgi í Hólmanum upp í klett sem nefnist Tóa, þaðan vestan til í Tobbukletta vestari og yfir miðjan Jónshöfða og þaðan í vörðu vetan til á Hafurbjarnarholti, svo frá þeirri vörðu bein stefna milli stóra steins og Fjárskjólskletts, í sömu stefnu í vörðu á Fremsta-Höfða og þaðan upp að vestur takmörkum Krísuvíkurlands.

Norðurmörk ofanefndar jarðar eru samkvæmt máldaga Hvaleyarkirkju frá 15. öld, norðurbrún Nýjahrauns milli fjalls of fjöru.

Af þessari landareign á hver jörð sitt umgirta tún, en utantúns á Þorbjarnarstaðir $\frac{3}{4}$ og Stóri-Lambhagi $\frac{1}{4}$.²

Árið 1395 er minnst á eyðijörðina Þorbjarnarstaði í skrá um kvikfé og leigumála á jarðeignum Viðeyjarklausturs.³

Árið 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum.⁴

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalsins 1703.

Jarðardýrleiki er óviss.

Jörðin er í eigu konungsins.

Ábúendur eru Vigfús Vilmundarson sem býr á hálfri jörðinni, og Guðmundur Vilmundarson, býr á hinum helmingnum. Landskuld af allri jörðinni er 75 álnir. Greiðist með 3 vættum fjórum fjórðungum fiska í kaupstað síðan leigan hófst, en áður var greitt til Bessastaða.

Við (timbur) til viðhalds húsa leggja ábúendur til og hafa svo gert í fimmtíu ár. Ábúandinn skal viðhalda kúastofninum (uppyngja) án skikyrða næstu fimmtíu ár.

Kvaðir um lán á manni á vertíð, einn maður frá hvorum ábúenda sitt hvort árið. Þessi kvöð er ekki endilega uppfyllt, en er það oftast með hálfum vertíðarhlut af einum bát, tveggja manna fari, og gerir bóndinn bátinn út að öllu leyti.

Einnig einn dagsláttur heim til Bessastaða, af hvorum ábúenda sitt árið hvort, og fæða sjálfir verkamennina. Þá er einn hríshestur frá hvorum ábúenda sitt hvort árið, en síðustu þrjú ár, eða síðan Jens Jurgensson varð umboðmaður hafa það verið tveir hríshestar frá hvorum ábúenda hvert ár.

En nú hefur umboðsmaðurinn Páll Beyer ekki fengið nema einn hríshest eftir ákvæðum, en að hans beiðni hefur hann þó fengið tvo hríshesta í fyrra, og í sumar þrjá hesta. Að auki í fyrra

¹ Guðmundur Benediktsson hrl. Kröfufýsing Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2004

² Örnefnaskráning Gísla Sigurðssonar. Þorbjarnarstaðir.

³ DI III 598

⁴ DI XII, 114.

haust það umboðsmaðurinn um að tekið yrði lamb á fóður hjá hvorum ábúenda, án þess að greiðsla kæmi fyrir. Hefur þessi kvöð aldrei áður verið. Einnig skipaferðir þegar á þarf að halda, stundum ein, stundum þrjár á ári eftir því sem umboðsmaðurinn þarf á að halda. Láta þá bændur stundum tvo, stundum einn mann í þessar ferðir, að jafnaði fæða þeir sig sjálfir.

Hagar og útigangur eru yfileitt góðir.

Leigukúgildi eru tvö á allri jörðinni, en eitt hjá hvorum ábúanda. Leigur greiðast í fiski og smjöri heim til Bessastaða.

Selstöð (sel) á jörðin þar sem kallað er Gjasel, þar eru hagar góðir en vatn slæmt.

Bústofn hjá Vigfúsi er tvær kýr, fimm ær, fjórir sauðir veturgamlir, fimm lömb og einn hestur. Hjá Guðmundi er bústofninn tvær kýr, ellefu ær, einn sauður veturgamall, einn þriggja vetra, sex sauðir veturgamlir og sex lömb.

Hægt er að fódra þrjár kýr naumlega á allri jörðinni.

Heimilsmenn hjá Vigfúsi eru átta, og hjá Guðmundi eru líka átta heimilsmenn.

Hægt er að fódra 3 kýr naumlega á allri jörðinni.

Skógur hefur verið á jörðinni, en nú er það varla nema rifhrís, það er þó það mikið að hægt er að nota það til kolagerðar og í eldivið og til að fæða bústofninn í heyskortí. Ekki lána ábúendur þessa skógartekju til annara, en skógurinn er í hinum svokallaða Almenningi.

Túnrista (torf) og stunga (hnausar) í lakara lagi og ekki nægjanleg.

Fjörugrastekja nægjanleg fyrir heimilsmenn.

Einiberjatínsla hefur verið stunduð til forna, en er nú eyðilögð.

Rekavon er næstum engin.

Sölvaðfjara er nokkur en er ekki notuð.

Hrognkelsafjara nokkur og er stundum notuð.

Skelfiskfjara varla nægjanleg til beitu.

Heimræði er árið um kring og lending góð, en mjög erfitt að setja upp skip, þó ganga skip ábúenda eftir hentugleikum allt árið. Einnig hafa bátar Bessastaðamanna gengið áður fyrr og verið kallaðir konungsskip, þó voru þau ekki stærri en tveggjamanna far, og ekki fleira en eitt í einu á vertíð. Bændur hafa hýst þá sem róið hafa bátum en ekkert tekið fyrir það nema í soðið frá hásetunum. Þetta hefur þó ekki verið síðustu þrjú ár. Aðkomuskip hafa ekki verið hér síðustu fimmtíu ár.

Engjar eru ekki neinar.⁵

Íslendingaþættir:

Ólafur Jónsson fæddist 25.12.1838 að Lambhaga í Mosfellssveit, sonur hjónanna Jóns Jónssonar og Maríu Eyjólfsdóttur. Þetta fólk mun hafa átt ætt sína og uppruna í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mosfellssveitinni og nágrenni Reykjavíkur, t.d. í Laxnesi, í Stardal og í Breiðholti. Ólafur átti tvo bræður og eina systur.

Ungur stundaði Ólafur jöfnum höndum landbúnaðarstörf og sjósókn. Það mun hafa verið 1869 sem Ólafur byrjar búskap, þá 31 árs gamall, sem leiguliði á jörðinni Þorbjarnarstaðir í Straumsvík við Hafnarfjörð. Þar býr hann í 12 ár sem leiguliði.

Satt best að segja átta ég mig ekki á hvernig hægt er að kalla þetta jörð eða grasbýli, þarna erfitt svart brunahraun. En Ólafur vann það þrekvirki þarna að græða upp túnblett úr brunaurðinni. Hann tindi stærsta grjótið úr og hlóð úr því varnargarð umhverfis túnið, sem enn stendur að nokkru, svo vel hefur verið til verksins vandað. Síðan mylur hann hraunnið með sleggju og breiðir mold yfir og fær hinn besta töðuvöll. Þarna var handaflíð eitt að verki, við getum ímyndað okkur þrældóminn. Þarna reisti hann hús að grunni og gerði hinar ótrúlegustu umbætur, sem jarðeigandinn kunni vel að meta, það sýndu ýmsir

⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703. bls. 164-166.

góðir munir, sem hann gaf Ólafi, sem þakklætisvott, ég man t.d. eftir Vínstaupinu úr þúra silfri og upphafsstaðirnir hans faglega á grafnir.

Þessi 12 ár sem Ólafur bjó þarna stundaði hann sjóinn jöfnum höndum og réri frá Óttarsstöðum með Guðmundi Halldórssyni mági sínum. Ólafur var mikill starfsmaður, sem ekki kunni að hlífa sér. Þarna hefur sannast, sem endranær, því talað var um að honum græddist fé og væri vel stæður maður, á mælikvarða þess tíma. Á þessum árum hefur starfsgetan verið óskert.

Svo var það á þessum árum að Ólafur fréttir af jörð til sölu í Hvalfjarðarstrandarhreppi, þar var Geitabergið í Svíndal. Ólafur handsalaði kaupin, en tók ekki strax við jörðinni því hann vildi borga jarðarverðið út í hönd þegar hann tæki við jörðinni, en hann vantaði lítillega og þurfti að afla þess. Þá stóðu munnleg loforð sem skrifaðir samningar og ekki var háttur manna að kaupa allt í skuld, en fara að öllu með fyrirhyggju.

Ólafur flutti með allt sitt að Geitabergi á vordögum 1881. Þar bjó hann í 18 ár, en vorið 1899 skipti hann á jörðinni og Katanesi. Hann lést þar 22. maí 1912.

Það er á allra vitorði að sú kynslóð sem lifði samtíð Ólafs vann hörðum höndum að framgangi sinnar þjóðar til betra lífs. Af verkum þessa fólks uppskerum við enn í dag.

Ólafur var virtur af verkum sínum. Því til sönnunar má benda á að þrisvar sinnum voru honum veitt konungsverðlaun úr Ræktunarsjóði fyrir jarðabætur."

Tóftir og tún á Þorbjarnarstöðum ofan við Straum eru síðustu heillegu minjar framangreinds tíma í Hafnarfirði, sem þá tilheyrði Garðahreppi. Bærinn stóð við gömlu þjóðleiðina, Alfaraleiðina milli Innnesja og Útnesja. Við bæinn eru enn allflestar þær minjar, sem gefa innsýn í búskaparhætti fyrri tíma.⁶

Þorbjarnarstaðir, Jarðatalsnúmer Johnsens: 166, er í bændaeign, dýrleiki 12½, landskuld 0.75, kúgildi 2, ábúendur 1 eigandi.⁷

Tún slétt og holótt. 1.4 teigar. Kálgarðar 500 m² ⁸.

Náttúrufar og jarðabætur.

Jarðabók 1703, engar engjar eru á jörðinni.

Túnakort 1919, þá eru tún 1.4 teigur og allt slétt og holótt. Matjurtagarður um 500 m².

Lambhagi.

Örnefnaskrá er ekki til fyrir Lambhaga.

1547-1548 er jarðarinnar getið í fógætareikningum..⁹

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns frá 1703:

Þar segir að **Lambhagi** sé hjáleiga frá Þorbjarnarstöðum en þar búa Bessastaðamenn..

Jarðadýrleiki er óviss því jörðin tíundist ekki neinum.

Lambhagi er konunguseign.

Ábúandinn er Höskuldur Oddsson.

Landskuld 30 álnir. Greiðist með einni vætt fiskjar í kaupstað frá upphafi leigu, en áður var greitt til Bessastaða.

⁶ Íslendingaþættir Tímans - 30. júní 1882, 25. tbl. - Valgarður I. Jónsson

⁷ Jarðatal á Íslandi 1847, bls. 91

⁸ Túnakort Þorbjarnarstaðir 1919

⁹ DI XII, 114.

Ábúadinn leggur til við (timbur) til viðhalds húsa, og segist hann hafa tekið við niðurníddum og óleiguhæfum húsum, og um það vitna nágrannar hans.

Leigukúgildi er eitt. Leigan greiðist með smjöri heim til Bessastaða.

Kúnna hefur ábúandinn uppyngt í fjögur ár, og tuttugu ár án uppbótar.

Kvikfénaður ein kýr sem er kúgildið, sex ær, tveir sauðir tveggja vetra, sex veturgamlir, sjö lömb.

Kvaðir eru um mannlán á vertíð sem ábúandinn lagði sjálfur fram eins lengi og hann gat, en síðan hefur hann greitt fyrir það árlega hálfan skipshlut á tvíæringi, eða annan skipshlutinn af einæringi. Einnig eina dagsláttu heim til Bessastaða, og fæðir bóndinn verkamanninn sem verkið vinnur. Á næst liðnu sumri fékk ábúandinn mann til að vinna verkið (dagsláttinn) fyrir sig og greiddi honum fyrir 10 fiska og hálf fæði. Að auki einn hríshest heim til Bessastaða. Fóðrast getur ein kú að tveimur þriðjungum ríflega.

Heimilismenn eru sex.

Selstöðu (sel) hefur Lambhagi með Þorbjarnarstöðum þar sem heitir Gjásel, þar eru hagar góðir en vatn slæmt.

Hrísrif hefur jörðin í Þorbjarnarstaðalandi þar sem heitir almenningur, og er hrísrif notað til kolagerðar og eldiviðar, og fóður fyrir skepnur í heyskorti.

Torfrista og stunga (hnausar) er næsta engin og þarf ábúandinn mikið að hafa fyrir því.

Hægt er að nálgast fjörugras, en það er ekki notað.

Engan reka er hér að fá.

Sölvafjara er nokkur.

Hrognkelsafjöru er hægt að hafa not af þegar vel árar.

Skelfiskfjara varla til beitu.

Heimræði er árið um kring og lending í besta lagi. Róið er á bátum ábúandans þegar þurfa þykir. Í nafni konungsins hefur oft áður verið gerður út bátur, tvíæringur, og hefur ábúandinn hýst ræðarana og ekki tekið annað í greiðslu fyrir en fisk í soðið, en á síðasta ári var ekki róið. Aðkomubátar hafa hér ekki verið nema stundum á haustin. Bátar nágrannana hafa verið hér án endurgjalds eða einhverja smá þóknun.

Engjar eru engar.

Útigangur um vetur lélegur vegna fjarlægðar við haganna, er því fjaran frekar notuð til beitar.¹⁰

Jarðatal á Íslandi 1847:

Lambhagi, Jarðatalsnúmer 167, er í bændaeign, dýrleiki 4 1/6, landskuld 0.75, kúgildi 2, ábúendur 1 eigandi.¹¹

Saga Hafnarfjarðar:

Árið 1966 áskildi Hafnarfjarðarbær sé forkaupsrétt af jörðinni Litla Lambhaga og Stóra Lambhaga, og var tekið eignarnám í landi Lambhaga vegna hafnargerðarinnar í Straumsvík.¹²

Náttúrufar og jarðabætur.

Jarðabók 1703.

Engjar eru engar, Torfrista og stunga (hnausar) er næsta engin og þarf ábúandinn mikið að hafa fyrir því. Túnin eyðileggjast meira og meria árlega af ágangi sjávar.¹³

Túnakort 1919.

¹⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín 1703. Jarðabók III Bls. 166-168. Kaupmannahöfn 1923-1924.

¹¹ J.Johnsen 1847 Jarðatal á Íslandi. Bls. 91. Kaupmannahöfn 1847.

¹² Á.G. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 116.

¹³ Árni Magnússon og Páll Vídalín 1703. Jarðabók III Bls. 166-168. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Tún, slétt að mestu af náttúrunni, og telst 0.63 teigur.
Kálgarður (sýndir) 350
Kálgarðar utan túns 200. Samtals 550 m².¹⁴

¹⁴ Túnakort 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Niðurstöður:

Við jarðrask geta alltaf komið upp áður óþekktar fornleifar.

Í Þjóðminjalögum frá **2001 nr. 107, 31. maí**, 13. gr segir: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Við þær framkvæmdir sem eiga sér stað við gerð undirganga og vegagerðar við álverið í Straumsvík hefur það verið gert í fullu samráði við Fornleifavernd ríkisins. Þar hefur komið til endurmat á fornleifaskráningu sem gerð var 2001. Reykjanesbraut Fornleifakönnun.

Vegna þeirra framkvæmda sem nú eru hafnar á afmörkuðu svæði við undirgöng og vegagerð við álverið í Straumsvík hefur fornleifafræðingur Byggðasafn Hafnarfjarðar haft fullt samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna fornleifa sem væru á framkvæmdasvæðinu.

Fornleifaverndin lagði til endurmat á Fornleifaskráningu, Fornleifakönnun Reykjanesbraut 2001.

Það var gert og niðurstöður fengnar Fornleifaverndinni. Ásamt áður óskráðum fornleifum sem komu í ljós við skoðun svæðisins 22. Mars 2011.

Svar Fornleifaverndar við því endurmati og nýskráningu fornleifa frá 16/5 2011:

Heimildir um túngarð skyldu kannaðar með prufuskurðum til að ekki væri leyfar túngaðsins undir sverðinum.

Það var gert í tveimur áföngum 24/11 2011 og 2/2 2012:

Fornleifavernd gaf út leyfi vegna fornleifarannsóknar á fyrirhuguðum könnunarskurðum dags. 23. nóv 2011.

Einnig var samkomulag gert við Þjóðminjasafn Íslands um forvörslu á þeim gripum sem kynnu að finnast við fornleifarannsóknina.

24. nóv. 2011.

Utan við girðingu voru grafnir 4 könnunarskurðir með 3-5 m bili. Lengd þeirra var um 2.5 m, breiddin um 1 m.

Skurðirnir liggja í austur-vestur, um 1.5 m frá girðingu við Álverið í vestur.

Fyrsti skurður er um 1 m frá suðvesturhorni girðingarinnar.

Í öllum skurðum var fyllingarefni þar sem næst var girðingunni. Þar var grafið um 0.60 m.

Þegar farið var vestar í skurðinn var lausagrjót og mold og komið niður á hraunhellur. Grafið var um 0.80 m niður.

2. febrúar 2012.

Innan girðingarnnar voru grafnir fjórir skurðir. Fyrsti skurðurinn er um 1 m innan við norður- og vesturhorn girðingarinnar. Skurðirnir liggja í austur-vestur eins og þeir sem áður voru grafnir innan við girðinguna.

Lengd skurðanna var um 3-4 m, og var grafið um 1 m niður. Breiddin um 1 m.

Í öllum skurðunum var fyllingarefni, efst rauðamöl, síðan möl ásamt stærri stökum steinum á víð og dreif. Þá lá járnkapall í norður-suður í gegnum skurðina.

Við vöktun á uppgreftri úr skurðunum kom ekkert í ljós sem benti til að þarna væru um leifar túngarðs eða annara mannvirkja að ræða.

Ekki kom neinir munir upp við þetta jarðrask.

Fornleifavernd ríkisins lagði til viðeigandi ráðstafnir til að girða fyrir steinboga (167:29) á meðan á framkvæmdum stendur. Einnig að verja garðlag (167:30) sem liggur að steinboganum.

Hleðsla og hleðsluleifar (167:32 og 167:33) þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur.

Í janúar komu svo fram nýjar upplýsingar frá Vegagerðinni varðandi vegstæðið sem gerðu það að verkum að það varð að endurskoða og nýskrá fornleifar á framkvæmdasvæðinu.

Upplýsingar varðandi þessa endurskoð og nýskráningu fóru til Fornleifaverndar 25/2 2012, sem síðan gaf umsögn sína 7/2 2012:

Fornleifar steinbogi nr.167:29, garðlag nr.167:30 og gólfplata 167:31 sem áður var ekki talið í hættu, lenda undir fláa vegarins. Minjar hafa verið skráðar, og Fornleifavernd telur ekki þörf á frekari mótvægisatgerðum.

Hleðsla 167:32 og hleðsluleifar 167:33 lenda í jaðri fláans. Merkja þarf fornleifar svo þær raskist ekki af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Það hefur verið gert af Vegagerðinni með eftirliti fornleifafræðings Bygðasafnsins.

Minjar frá 20 öld sem falla ekki undir verndarákvæði þjóðminjalaga (Nr. 107/2001), sbr. 9. og 10 gr. Þessar minjar eru Fyrirhleðsla 167:35, undirhleðslugirðing 167:36, garður 166:153, gólfplata 166:151, gólfplata 166:152 og matjurtagarður 166:154.

Þessar minjar hafa verið skráðar í gagngrunn Bygðasafnsins Fornleif.

Fornleifavernd ríkisins telur æskilegt að breyta legu fláans á þessum stað til að koma í veg fyrir rask á minjum sem eru stekkur 167:38 (13), garður 167:37 (12) og hleðsluveggur 167:39 (21) einnig að merkja minjarnar á meðan á framkvæmdum stendur.

Minjar hafa verið merktar og Vegagerðinn breytir legu vegfláans þannig að minjar raskist ekki.

Fornleif 167:40 (22) liggur á mörkumvegfláans. Minjar hafa verið skráðar í gagnagrunn Bygðasafnsins Fornleif.

Fornleifavernd telur ekki þörf á frekari mótvægisatgerðum.

Túngarður 166:150 (17), tóft 166:147 (18), grjóthrúga 166:149 (19), og tóft 166:148 (20) eru minjar frá Péturskoti sem reist var um 1900. Reykjanesbrautin hefur nú þegar raskað norðurhluta túngarðsins. Fláinn fer yfir hluta garðsins að austanverðu. Fornleifavernd liggur áherslu á að sem minnst af garðinum og öðrum minjum Péturskots verði raskað. og verði girt af á meðan á framkvæmdum stendur.

Vegagerðinni hefur girt af þær minjar sem Fornleifaverndin lagði áherslu á að ekki yrðu raskað á meðan á framkvæmdum stæði. Var það gert með eftirliti fornleifafræðings Bygðasafnsins.

Framkvæmdaðilli verksins Vegagerðin sótti um leyfi 9/2 2012, til Fornleifaverndar ríkisins að hylja áður taldar fornleifar vegna framkvæmdana:

Fornleifarnar eru númer: 167:29 (4) - 167:30(5) - 167:31(6) - 167:35 (10) - 167:36(11) - 166:153(14) - 166:151(15) - 166:152(16) - 167:40(22) -166:154(23).

Fornleifavernd ríkisins veitti leyfi til að hylja þessar fornleifar vegna vegagerðarinnar.

Heimildaskrá:

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1703. Jarðabók III Bls. 164-168. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Ásgeir Guðmundsson. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 116.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2001. Fornleifakönnun. Reykjanesbraut. Fornleifastofnun Íslands. FS 133-00141. Bls. 33-51.

Gísli Sigurðsson. Þorbjarnarstaðir. Örnefnaskráning: Örnefnastofnun Íslands.

Guðmundur Benediktsson hrl. Kröfulýsing Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2004.

Íslendingaþættir Tímans - 30. júní 1882, 25. tbl. - Valgarður I. Jónsson

Íslenzkt fornbréfasafn DI XII. Bls. 114. I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

J. Johnsen 1847 Jarðatal á Íslandi. Bls. 91. Kaupmannahöfn 1847.

Túnakort Lambhagi 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Þorbjarnarstaðir 1919

Heimildamaður: Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, 220 Hafnarfjörður.

Fylgiskjal:

Lofmynd af skráningarsvæðinu þar sem fornleifar eru merktar númerum á viðkomandi jörð.

Lambhagi

Lambhagi

167/25

Heiti..... Austurtúngarður 167:015
Tegund..... 1 Heimild
Hlutverk..... Túngarður
Gps-hnit..... N 064°02.530' W 022°02.338'
Aldur.....
Ástand..... Horfið
Hættumat.....
Hætta..... Engin
Minjagildi..... Talsvert
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Örnefnaskrá: Austurtúngarður lá úr Beinavíki upp á klettastall og suður eftir honum suður á brunann.
Fornleifakönnun2001: Túngarðuinn lá um Ólafsskarð en hefur verið gereyðilagður við framkvæmdir í sambandi við Álverið. Garðurinn hefur legið úr vikinni austan Litla- Lambhaga og yfir lóð álversins suðaustur til Reykjanesbrautar.

Lýsing

Engar leifar um Austurtúngarð sjást nú.

Athugasemdir

Prufuskurðir: 24. nóv. 2011.

Utan við girðingu vorugrafir 4 könnunarskurðir með um.3-5 m bili. Lengd þeirra er um 2.5 m.

Breiddin um 1 m.

Skurðirnir liggja í austur vestur, um 1.5 m frá girðingu við Álverið í vestur.

Fyrsti skurður er um 1 m frá suðvestur hornigirðingarinnar.

Í öllum skurðum var fyllingar efni þar sem næst var girðingunni. Þar var grafið um 0.60 m.

Þegar farið var vestar í skurðinn var lausagrjót mold og komið niður á hraunhellur Grafið var um 0.80 m niður.

2. febrúar 2012.

Innan girðingarnnar voru grafir fjórir skurðir Fyrsti skurðurinn er um 1 m innan við norður- og vesturhorn girðingarinnar. Skurðirnir liggja í austur vestur eins og þeir sem voru grafir utan við girðinguna.

Lengd skurðana var um 3-4 m, og var grafið um 1 m niður. Breiddin um 1 m.

Í öllum skurðunum var fyllingarefni, efst rauðamöl, síðan mól ásamt stærri stökum steinum á víð og dreif. Þá lá járnkapall í norður suður í gegnum skurðina.

Við vöktun á uppgrefti úr skurðunum kom ekkert í ljós sem bent til að þarna væru um leifar túngarðs eða annara mannvirkja.

Heimildir

Elin Ósk Hreiðarsdóttir 2001. Fornleifakönnun. Reykjanesbraut Fornleifastofnun Íslands. FS 133-00141.

Prufuskurðir: Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur Byggðasafni Hafnarfjarðar. 2011 og 2012.

Myndir næstu síðu.



Horft til suðausturs yfir meint stæði túngarðsins. Grafið var að girðingunni beggja megin,



Horft í norður yfir prufuskurðina (2012) innan girðingar Álversins..

Lambhagi

167/26

Heiti.....	Útihús 167:030
Tegund	2 Tóft
Hlutverk.....	Fjárhús
Gps-hnit	N 064°02.506' W 022°02.438'
Aldur.....	1550-1900
Ástand	Sæmilegt
Hættumat.....	Framkvæmdir
Hætta.....	Talsverð
Minjagildi	Hátt
Friðlýst.....	Nei

Staðhættir

Örnefnaskrá: Rétt austan við afleggjarann að Álverinu.

Fornleifakönnun 2001: Enn sjást leifar af útihúsi sem merkt er inn á túnakort frá 1919. Tóftin er í brekkurótum neðan vegarslóðans að Álverinu og mitt á milli, en austar sumarbústarðarins (001) og kofans sem enn stendur í Litla-Lambhaga. Tóftin er um 80 m norðan við Reykjanesbraut. Innan túns í Litla-Lambhaga á þessum stað er grasi gróið hraun.

Lýsing

Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði. Kortablað 15/13 II/15.

Rúst hlaðin út hraungrýti og líkt og niður grafin e.t.v. hlaðin í gjótu. Því sést hleðslan aðeins að innanverðu og að norðan verður þar sem voru dyr og auk þess efsta röðin að austan. Húsið hefur hafnað undir vegkantinum að hluta. Innanmál hefur verið 6.4-2.8 m. Hæsta vegg hæð=1.76 m. Þykkt veggja við stafn 1.1 m. Inngangur er á miðjum norðurstafni.

Breidd 0.60-0.70 m. Ýmislegt drasl er nú geymt í tóftinni, bárujárn, járnadrasl.

Fornleifakönnun 2001: Tóftin er einföld og um 8.5 x 5 m að stærð. Austurveggur tóftarinnar er að hluta undir vegkantinum, en annars er tóftin nokkuð heilleg. Tóftin virðist nokkuð niðurgráfin og er gróin að utan. Hún er hlaðin úr grjóti og er mest 1.7 m á hæð. Hleðslur eru mjög stöðilegar þótt þær séu grónar.

Athugasemdir

Byggðasafnið: Framkvæmdir við undirgöng 2011: Tóftin er ekki í hættu vegna framkvæmdanna.

Umsögn Fornleifaverndar 2011 : Gæta að því að rústinni verði ekki raskað við framkvæmdirnar.

Hnit, mæling Framkvæmdasvið Hafnarfjarðar í mars 2011.

Norður	Austur	Hæð
396713.832	351504.225	4.215
396712.190	351499.358	4.303
396704.358	351501.533	4.384
396706.360	351505.215	4.880


Heimildir

Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2001. Fornleifakönnun. Reykjanesbraut Fornleifastofnun Íslands. FS 133-00141.

Myndir næstu síðu.



Horft í norður yfir tóftina.



Teikning: Fornleifakönnun 2001.

Lambhagi

167/27

Heiti.....	Túngarður 167:035
Tegund	3 Hleðsla
Hlutverk.....	Túngarður
Gps-hnit	N 064°02.465' W 022°02.463'
Aldur.....	1550-1900
Ástand	Sæmilegt
Hættumat.....	Vegagerð
Hætta.....	Talsverð
Minjagildi	Hátt
Friðlýst.....	Nei

Staðhættir

Fornleifakönnun 2001: Í vesturjaðri Hjallatúns beint norðan undan Reykjanesbraut er garðlag í Straumsvík sem liggur til norðurs.

Fornleifaskrá Þjóðminjasafnsins,: Vík með grasigrónum hólum og grýttum skerjum.

Lýsing

Fornleifakrá Þjms. Garðurinn er hlaðinn, um 45 m langur og 0.9-1.25 m breiður. Mesta hæð um 0.40 m. Mjög grunnt er þar sem þessi garður er hlaðinn. Það undarlega við þennan garð er að ætla mætti að hann væri óþarfur þar sem nokkru austar við hann eru klappir milli hólmannna sem eru hærri.

Fornleifakönnun 2001: Garðlagið sést beint norðan við Reykjanesbraut og liggur til norðurs í um 15 m. Þá er það rofið en sést á hólma/skeri norðar. Samtals liggur garðlagið á um 70 m svæði en er rofið á einum stað þannig að það er einungis um 50 m að lengd. Garðlagið er um 0.80 - 1.1 m á breidd og mest um 0.40 m á hæð. Fast norðan við norðurenda garðlagsins er lítil hleðsla til vesturs sem líkis brú.

Athugasemdir

Fornleifavernd : Fornleifar ekki í hættu vegna framkvæmda við undirgöng. Dags.16/5 2011.

Hnit, mæling: Framkvæmdasvið H,fjarðar í mars 2011.

Norður	Austur	Hæð
396661.985	351505.765	3.154
396629.480	351475.736	1.985
396634.498	351473.743	2.695
396640.242	351476.105	2.420
396644.965	351474.834	2.673
396649.246	351474.695	2.428
396648.626	351473.420	2.421
396650.259	351472.598	2.401
396650.880	351474.048	2.394
396608.879	351577.784	3.233
396600.530	351575.229	3.048
396598.315	351568.842	2.732
396594.351	351570.948	3.464
396593.386	351572.656	4.344
396594.551	351536.170,	2.326
396594.995	351527.908,	2.350
396595.887	351515.663	2.304
396600.126	351526.273	2.787

Heimildir

Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2001. Fornleifakönnun. Reykjanesbraut Fornleifastofnun Íslands. FS 133-00141.



Horft til suðvesturs yfir Hjallatún.

Lambhagi

167/28

Heiti.....	Hjallatúnsfjárhús 167:037
Tegund	3 Heimild
Hlutverk.....	Fjárhús
Gps-hnit	N 064°02.465' W 022°02.433'
Aldur.....	1550-1900
Ástand	Horfið
Hættumat.....	Ekkert
Hætta.....	Engin
Minjagildi	Talsvert
Friðlýst.....	Nei

Staðhættir

